

Almenn skoðun ungbarns í heimavitjun

Almennt

Útlit barns og hreyfingar, samhverfa, tonus, meðfæddir gallar og viðbrögð.

Mæling

Þyngd og höfuðummál. Barnið er vigtað án fata og bleiu.

Höfuðummál lítils barns er auðveldast að mæla á barninu liggjandi. Mælt er með notkun málbanda sem ekki teygist á, s.s. úr málmi. Víða eru notuð taumálbönd, en mikilvægt er að endurnýja þau reglulega þar sem getur teygst á þeim með tímanum. Mælt er mesta höfuðummál um enni og hnakka.

Húð

Litarháttur, útbrot, afrifur, þurrkur, hiti, blettir (s.s. *mongolian spot*, *hemangioma*).

Höfuð

Höfuðmót, höfuðlag, skóf í hársverði.

Mislögun (*asymmetri*) á höfði er algeng, sérlega eftir erfiða eða langdregna fæðingu. Jafnvel þó að um talsverða mislögun sé að ræða, gengur hún smám saman til baka og má hafa áhrif á það með því hvernig barnið er látið liggja.

Þreifið á fremri hausamótunum. Aukinn þrýstingur án þess að barnið gráti er óeðlilegur og gefur tilefni til frekari rannsókna án tafar. Stærð höfuðmóta er breytileg, eða allt frá 0,5 x 0,5 cm til 4 x 4 cm án þess að það teljist óeðlilegt. Höfuðmót eiga að finnast við þreifingu til eins árs aldurs, annars vaknar grunur um að saumar hafi lokast of snemma og er nánari rannsókn þá nauðsynleg.

Andlit

Andlitsfall, augu (gröftur, roði), eyru, nef (þrengsli), munnur (skán, þruska, tunguhaft).

Háls

Hreyfanleiki, eitlastækkanir, toniskt hnakkaviðbragð, viðbeinsbrot.

Brjóstkassi

Lögun, geirvörtur, bólgur brjóstakirtlar.

Kviður

Mýkt, nafli, naflastúfur, naflaslit.

Kynfæri

Útlit, eistu í pung, *hydrocele testes*, kviðslit í nára, útferð hjá stúlkum, samloðun innri og ytri skapabarma.

Endaþarmur

Útlit.

Handleggir

Samhverfar hreyfingar, hendur, fingur, neglur, gripviðbragð.

Fótleggir

Samhverfar hreyfingar, fætur, tær, táneglur, gangviðbragð.

Mjaðmir

Samhverfa á fellingum á lærum, hreyfingar í mjaðmalið.

Hryggur

Meðfæddir gallar, *sinus pil*.